

Fylgiskjal 1.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 213/2025**

2026/EES/3/30

frá 19. september 2025

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1506 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar tilteknar viðmiðanir fyrir flokkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem mikilvægra ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1507 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar þær viðmiðanir og þætti sem Evrópsku verðbréfastofnuninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til í tengslum við heimildir til íhlutana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2545 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2902 frá 20. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar skýrslugjöf um eignatengda tóka og rafeyristóka tilgreinda í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2984 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar eyðublöð, snið og sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir ⁽⁵⁾.
- 6) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31r (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31ra. **32024 R 1506**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1506 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar tilteknar viðmiðanir fyrir flokkun eignatengdra tóka og rafeyristóka sem mikilvægra (Stjtið. ESB L, 2024/1506, 30.5.2024).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1506, 30.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1506/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1507, 30.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/1507/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2545, 26.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2545/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2902, 28.11.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2902/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2984, 3.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2984/oj

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. og 3. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.

31rb. **32024 R 1507:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1507 frá 22. febrúar 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 með því að tilgreina nánar þær viðmiðanir og þætti sem Evrópsku verðbréfastofnuninni, Evrópsku banka-
eftirlitsstofnuninni og lögbærum yfirvöldum ber að taka tillit til í tengslum við heimildir til
íhlutana (Stjtið. ESB L, 2024/1507, 30.5.2024).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Í 1. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

b) Í 2. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðinu „Evrópska bankaeftirlitsstofnunin“.

31rc. **32024 R 2545:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2545 frá 24. september 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda (Stjtið. ESB L, 2024/2545, 26.11.2024).

31rd. **32024 R 2902:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2902 frá 20. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar skýrslugjöf um eignatengda tóka og rafeyristóka tilgreinda í gjaldmiðli sem ekki er opinber gjaldmiðill aðildarríkis (Stjtið. ESB L, 2024/2902, 28.11.2024).

31re. **32024 R 2984:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2984 frá 29. nóvember 2024 um tæknilega framkvæmdastaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 að því er varðar eyðublöð, snið og sniðmát fyrir hvítbækur um sýndareignir (Stjtið. ESB L, 2024/2984, 3.12.2024).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2024/1506 og (ESB) 2024/1507 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/2545, (ESB) 2024/2902 og (ESB) 2024/2984, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. september 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. september 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

Formaður